**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar**

Árið 2024, þriðjudaginn 21. janúar kl. 10:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1191. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin. Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Margrét Pálína Cassaro, Sigrún Reynisdóttir og Sigurður Stefán Karlsson. Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

**Þetta gerðist:**

1. Austurbrún 31 - USK24090379

Sótt er um leyfi til að innrétta íbúð í mhl. 01 og aukaíbúð í 02 á lóð nr. 31 við Austurbrún.
Erindið var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Austurbrún 29 og 33 og Kambsvegi 20 og 22. frá 29. nóvember 2024 til og með 3. janúar 2025.
Engar athugasemdir bárust.

Frestað. Vísað til athugasemda.

2. Ármúli 31 - USK25010107

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23070201 með því að uppfæra skráningu mhl. 05, 06, og 07 sem eru fjölbýlishús á lóð nr. 31 við Ármúla.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

3. Barðavogur 36 - USK25010085

Sótt er um leyfi til þess að fjölga eignum og innrétta íbúð í kjallara íbúðarhúss á lóð nr. 36 við Barðavog.
Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 10. september 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda.

4. Borgartún 18 - USK25010039

Sótt er um leyfi til að byggja upphitað vindfang á norðurhlið og tvö hjólaskýli á austur- og norðurhlið lóðar ásamt því að breyta innra skipulagi á 1. og 2. hæð verslunar- og skrifstofuhúss á lóð nr. 18 við Borgartún.
Stækkun mhl. 01: 17,9 ferm., 72,5 rúmm.
Mhl. 02: 15,3 ferm., 47,1 rúmm.
Mhl. 03: 31,1 ferm., 88,8 rúmm.
Erindi fylgir greinargerð um brunahönnun frá Örugg dags., 17. desember 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda.

5. Borgartún 24D - USK24120138

Sótt er um að breyta erindi BN057713, með síðari breytingum BN061698, USK24070049, USK24080239 og USK24100246, þannig að innra skipulagi er breytt og

innréttuð heilsulind í rými í 0102 á jarðhæð í íbúðar- og atvinnuhúsi nr. 24D á lóð nr. 24 við Borgartún.
Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 12. nóvember 2024.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

6. Borgartún 26 - USK25010109

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í vesturenda K2 og til að breyta brunavörnum í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 26 við Borgartún.
Erindi fylgir greinargerð um brunavarnir uppfærð 10. janúar 2025 og yfirlit breytinga.

Frestað. Lagfæra skráningu.

7. Borgartún 34 - USK24050109

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt fjölbýlishús á 4-8 hæðum með verslunar- og þjónusturýmum á vesturhluta jarðhæðar, bílakjallara með 80 stæðum og 100 íbúðum á efri hæðum á lóð nr. 24-36 við Borgartún.
Erindi fylgir greinargerð aðalhönnuðar dags. 2. maí 2024, greinargerð um brunavarnir frá Örugg dags. 13. maí 2024, orkurammi dags. 27. mars 2024 og greinargerð um hljóðvist dags. 4. mars 2024.
Stærð:

Frestað. Vísað til athugasemda.

8. Borgartún 41 - USK24090172

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061778 þannig að innra skipulagi í geymsluhluta kjallara er breytt, reyklúgur uppfærðar, svalalokanir gerðar á allar svalir og skráning uppfærð í fjölbýlishúsi á lóð nr. 41 við Borgartún.
Stærð, A-rými: 14.394,6 ferm. + 459,6 ferm., 50.200 rúmm.
B-rými: 213,1 ferm.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

9. Brekkugerði 19 - USK24100288

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi, nokkrar breytingar hafa verið gerðar á útliti glugga og hurða auk þess sem þaksvölum hefur verið breytt í þakgarð og þar komið fyrir útigeymslu, hluti af þakkanti verið sagaður niður og gler sett í staðinn, gler sett í stað bílskúrshurðar og notkun bílskúrs breytt í stofu í einbýlishúsi á lóð nr. 19 við Brekkugerði.
Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 15. nóvember 2024, umsögn Minjastofnunar dags. 22. október 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdrátta samþykktum 12. október 1961.

Frestað. Vísað til athugasemda.

10. Brúarás 3 - USK25010128

Sótt er um leyfi til þess að hækka rishæð á einbýlishúsi á lóð nr. 3 við Brúarás.

Frestað. Vísað til athugasemda.

11. Bíldshöfði 20 - USK25010038

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24070126 sem snýr að innanhússbreytingum í húsi nr. 20 við Bíldshöfða. Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 13. ágúst 2024.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

12. Bíldshöfði 7 - USK24120222

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24030214 mhl.20 sem snýr að því að byggja milliloft og setja svalir í hluta af atvinnuhúsnæði auk þess eru breytinga á innra skipulagi á fyrstu hæðar sem snýr að því að lager breytist í verslun og inngangshurðir breytast og færðar til í húsi nr. 7 við Bíldshöfða.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

13. Bíldshöfði 9 - USK25010056

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og innrétta gólfherma- og pílustað sem rúmar allt að 100 gesti í rými 0105 í verslunar-og lagerhúsi, mhl.01 á lóð nr. 9 við Bíldshöfða

Frestað. Vísað til athugasemda.

14. Bústaðavegur 83 - USK25010103

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23040088 sem snýr að því að hætta við svalir á annarri hæð og dýpka svalir í risi og þar með taka út EI30 gler í hús nr. 83 við Bústaðaveg.

Frestað. Lagfæra skráningu.

15. Bústaðavegur 87 - USK24120238

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059134 sem snýr að áður samþykktum svölum á 2. hæð, sem verða ekki byggðar, settir auk þess eru innanhússbreytingar á 3ju hæð í húsi nr. 87 við Bústaðaveg.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi.
Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang eignaskiptayfirlysing@reykjavik.is, um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

16. Bústaðavegur 89 - USK24120237

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN056313 sem snýr að áður samþykktum svölum á 2. hæð, sem verða ekki byggðar, fjarlægja burðarvegg á fyrstu hæð auk annarra innanhússbreytinga á 3ju hæð í húsi nr. 89 við Bústaðaveg.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi.
Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang eignaskiptayfirlysing@reykjavik.is, um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

17. Bústaðavegur 9 - USK24100245

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun á skrifstofuhúsnæði í skólahúsnæði í húsi á lóð nr. 9 við Bústaðaveg.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

18. Eiríksgata 29 - USK24070152

Sótt er um leyfi til að innrétta fjóra gististaði í flokki II, teg x, minna gistiheimili, eitt á hverri hæð, fyrir samtals 28 gesti í fjölbýlishúsi á lóð nr. 29 við Eiríksgötu. Erindi fylgir yfirlit breytinga. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. janúar sl., fylgir erindi.

Frestað. Vísað til athugasemda. Einnig vísað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. janúar 2025.

19. Framnesvegur 38 - USK25010072

Sótt er um leyfi til þess að byggja 3ja hæða fjölbýlishús á lóð nr. 38 við Framnesveg.
Erindi fylgir hæðarblað dags. september 2014 og mæliblað.
Stærðir:
Ferm. 273,5 rúmm. 759,4

Frestað. Vísað til athugasemda.

20. Freyjugata 1 - USK24040329

Sótt er um leyfi til þess að innrétta "take away" veitingarstað í flokki 1 tegund d og 2 starfsmenn með tilheyrandi eldhúsi og starfmannaðstöðu í rými 0103 í verslunar- og íbúðarhúsi á lóð nr. 1 við Freyjugötu.

Erindi fylgir afrit af ódagsettum viðauka við leigusamning vegna einkaafnota rýmis 0103 af sameign og afrit af aðalteikningu samþykktri 30. mars 1995.

Frestað. Lagfæra skráningu.

21. Hagatorg 1 - USK25010125

Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í flokki II, teg. c á 1. hæð aðalbyggingar og til að breyta innra skipulagi í hluta kjallara og innrétta þar búningsherbergi og nýja ræstiaðstöðu í Hótel Sögu á lóð nr. 1 við Hagatorg.
Erindi fylgir yfirlit breytinga og bréf umsækjanda dags. 16. desember 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda.

22. Hallgerðargata 13 - USK25010074

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi á 1. hæð á lóð nr. 13 við Hallgerðargötu.
Erindi fylgir brunaskýrsla dags. 30. nóvember 2020.

Frestað. Vísað til athugasemda.

23. Hólmaslóð 6 - USK25010058

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK24100082 þ.a.l er sótt um breytingar á innra skipulagi á lóð nr. 6 Hólmaslóð.
Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 19. nóvember 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

24. Hólmgarður 30 - USK25010105

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057238 sem snýr að því að horfið er frá áformum um að reisa steypta viðbyggingu til suðurs ásamt steyptum svölum á 2. hæð og þaksvölum ofan á 2 hæð. Í stað þess er sótt um að setja svalir framan við kvist á rishæð sem áður áttu að vera þaksvalir í húsi nr. 30 við Hólmgarð.

Frestað. Vísað til athugasemda.

25. Hólmgarður 46 - USK25010104

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24030045 með því að dýpka svalir í risi og sleppa svölum á annarri hæð sem búið var að sækja um áður í húsi nr. 46 við Hólmaslóð.

Frestað. Lagfæra skráningu.

26. Hólmsheiðarvegur 151 - USK24120112

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23100231 vegna lokaúttektar sem snýr að því að færa inntak í húsi nr. 151 við Hólmsheiðarveg.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi.
Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang eignaskiptayfirlysing@reykjavik.is, um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

27. Kalkofnsvegur 1 - USK24100263

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN060121 þannig að innra skipulagi á 1. og 2. hæð er breytt til að aðlaga vinnuumhverfi breyttu verklagi, fjölga starfsstöðvum, fjölda salerna er breytt, auk þess sem skráningartafl og brunavarnir eru uppfærðar í húsi Seðlabankans á lóð nr. 1 við Kalkofnsveg.
Erindi fylgir minnisblað hönnuðar vegna athugasemda Heilbrigðiseftirlitsins dags. 10. janúar 2024 og yfirlit breytinga á uppdráttum (óstimpluðum) dagsettum 26. janúar 2022.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

28. Kirkjustræti 4 - USK24040248

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í kjallara, breyta útihurð og setja lyftu utan á skrifstofuhús á lóð nr. 4 við Kirkjustræti.
Erindi fylgir deiliskipulag dags. x og yfirlit breytinga dags.16.mars 2010.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

29. Kleifarvegur 12 - USK25010126

Sótt er um leyfi til að stækka baðherbergi og breyta innra skipulag og til að byggja garðskála undir svölum 1. hæðar í tvíbýlishúsi á lóð nr. 12 við Kleifarveg.
Erindi fylgir samþykki meðeiganda dags. 29. september 2024, yfirlit breytinga, gátlisti umsækjanda og greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða dags. 14. janúar 2025.
Stækkun: 31,7 ferm., 76,6 rúmm.
Eftir breytingu: 442,5 ferm., 1.229,2 rúmm.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

30. Kringlan 4-12 - USK24120031

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi með því að loka núverandi inngangi og gera núverandi útgang að inn- og útgangi í verslun Bónus í rými S-250-1 í Kringlunni á lóð nr. 4-12 við Kringluna.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

31. Krókháls 13 - USK24100339

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053418, með síðari breytingum BN056184 og BN056502 vegna lokaúttektar í húsi bílaumboðsins Kia á lóð nr. 13 við Krókháls. Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 3. september 2019. Í fresti er erindi BN058124 sem óska þarf eftir að dregið verði tilbaka eða sameinað nýrri umsókn.Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

32. Krókháls 5A - USK25010057

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24090114 á þann hátt að flóttaleið og flóttastigi færist frá norðurhlið yfir á austurhlið í húsi á lóð nr. 5A við Krókháls.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

33. Laufásvegur 11 - USK25010042

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í því að fyrrum heilsugæslu hefur verið breytt í íbúð 0101 í húsi á lóð nr. 11 við Laufásveg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

34. Laugavegur 86-94 - USK24110326

Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í flokki II, teg. kaffihús og nuddstofu í rými 0104 á lóð nr. 86-94 við Laugaveg.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

35. Lindargata 14 - USK25010127

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK24050087 þ.a.l. er hætt við hækkun þaks á lóð nr.14 við Lindargötu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

36. Lindargata 50 - USK25010073

Sótt er um leyfi til að sameina mhl. 02 og mhl. 03, innrétta menningarhús á 1. hæð og tvær íbúðir á 2. og 3. hæð verkstæðisbyggingar á lóð nr. 50 við Lindargötu.
Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra dags. 7. janúar 2025 og ósk um að draga erindi USK23090112 til baka.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa vegna fjölgunar íbúða.

37. Óðinsgata 14A - USK25010130

Sótt er um leyfi til þess að sameina lóðir við Óðinsgötu 14A og 14B og breytingum innan og utanhúss í fjölbýlishúss á lóðir nr 14A og 14B við Óðinsgötu
Erindi fylgir greinagerð brunahönnuði dags.11.janúar 2025 og hljóðvistargreinagerð dags.9. janúar 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

38. Skólavörðustígur 16 - USK25010040

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að rými 0301 og 0302 hafa verið sameinuð og innréttuð sem íbúð 0301 í íbúðar- og verslunarhúsi á lóð nr. 16 við Skólavörðustíg.
Erindi fylgir umboð eiganda til umsækjanda dags. 25. júlí 2023.

Frestað. Vísað til athugasemda.

39. Skólavörðustígur 40 - USK24120055

Sótt er um leyfi til þess að breyta eignarhaldi á hluta virkisrýmis og gera geymslu, rými 0402, í eigu íbúðar 0401 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 40 við Skólavörðustíg.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda í húsi á teikningu Zeppelin arkitekta nr. 0104 (G) dags. 7. september 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 18. febrúar 2014.

Frestað. Vísað til athugasemda.

40. Skúlagata 30 - USK25010110

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23060097 þannig að innréttingu er breytt og stæðum fjölgað í átta í bílakjallara undir gististað í húsi á lóð nr. 30 við Skúlagötu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

41. Smiðshöfði 19 - USK24110266

Sótt er um leyfi til að koma fyrir stafrænu auglýsingaskilti á gafl húss á lóð nr. 19 við Smiðshöfða.
Erindi fylgir umboð eiganda dags. 20. nóvember 2024, umsókn dags. 20. nóvember 2024 og kort úr samþykkt um skilti í Reykjavík.
Einnig fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. janúar sl.

Synjað. Vísað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. janúar 2025.

42. Snorrabraut 29 - USK23040092

Sótt er um leyfi til að breyta íbúðum á 2. hæð, færa svalir, og færa geymslur frá íbúðum niður í kjallara, auk þess að fella fjórðu hæðina út af umsókninni í húsi nr. 27-29 við Snorrabraut. Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2021 og 28. september 2023 (neikvæð). Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags samþykkt 5. september 2024. Erindi fylgir samþykki meðeigenda sem vísar í skjal dags. 29. júní 2023.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

43. Snorrabraut 79 - USK23060110

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun og innra skipulagi og innrétta gistihús í flokki I teg. minna gistiheimili fyrir hámark 10 manns ásamt starfsmannaaðstöðu í húsi á lóð nr. 79 við Snorrabraut.
Erindi fylgir breytt greinargerð hönnunar vegna breytinga á erindislýsingu dags. 10. desember 2024, greinargerð hönnuðar vegna breytingar á umfangi umsóknar dags. 10. apríl 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 14. október 1943.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til grenndarkynningar hjá skipulagsfulltrúa.

44. Spöngin 9 - USK24110319

Sótt er um leyfi til að byggja yfirbyggt svæði fyrir pressugám og vörumóttöku og skjólvegg að götu á norðvesturhlið Bónus á lóð nr. 9 við Spöngina.
Erindi fylgir yfirlit breytinga og greinargerð og viðauki frá Örugg dags. 24. nóvember 2024.

Stækkun: 50 ferm.
Stærð eftir breytingu: 1.432,1 ferm., 6.898,5 rúmm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

45. Stangarholt 4 - USK24110371

Sótt er um leyfi til að breyta BN057607 vegna lokaúttektar í húsi nr. 4 við Stangarholt.

Frestað. Vísað til athugasemda.

46. Tunguvegur 19 - USK25010129

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN052227 vegna lokaúttektar á lóð nr. 19 við Tunguveg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

47. Tunguvegur 28 - USK25010162

Sótt erum leyfi til þess að stækka einbýlishús og lækka kjallara á lóð nr. 28 við Tunguveg.
Erindi fylgir mæliblað 1.833.1 dags. 26.7.2012 og hæðarblað 1.1. 2404 dags. 3.2006

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

48. Urðarbrunnur 114 - USK25010019

Sótt er um leyfi fyrir heitum potti á lóð nr. 114 við Urðarbrunn.

Frestað. Vísað til athugasemda.

49. Vesturgata 37 - USK24080136

Sótt er um leyfi til að breyta notkun úr bílageymslu í geymslu auk áður gerðra framkvæmda í mhl.02 í húsi nr. 37 við Vesturgötu.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

50. Ægisíða 46 - USK24090220

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi einbýlishúsi á lóð nr. 46 við Ægisíðu.
Erindi fylgir mæliblað 1.555.0 dags.13. febrúar 1952. Yfirlýsing burðarþolshönnuður dags. 26. september 2024. Álit Minjastofnunar Íslands dags. 24. október 2024 fylgir með erindi.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

51. Ægisíða 56 - USK24060389

Sótt er um leyfi til að endurnýja þak og stækka ris í fjölbýlishús á lóð nr. 56 við Ægissíðu
Stærðir:
Fyrir breytingu:
Ferm.480,8 rúmm.1500,1
Eftir breytingu:
Ferm.529,8 rumm.1648,5

Frestað. Vísað til athugasemda.

**Ýmis mál:**

52. Kjalarnes - Horn og Smábýli 2 - Kambshorn og Stóragil - 33.243.1 og 33.252.1 - USK23120114

Lóðauppdráttur

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

**Fundi slitið kl. 11:20**

Brynjar Þór Jónasson

Edda Þórsdóttir
Sigrún Reynisdóttir
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir

Margrét Pálína Cassaro
Sigurður Stefán Karlsson